

# OECD *Multilingual Summaries*

## OECD Regions at a Glance 2013

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/reg\\_glance-2013-en](http://10.1787/reg_glance-2013-en)

## OECD Regions at a Glance 2013

Útdráttur á íslensku

Landssvæði eru eitt af megin áhersluatriðum ríkisstjórna til að efla vöxt, bæta velferð og berjast gegn ójöfnuði en efnahagskreppan hefur aukið bil vergrar þjóðarframleiðslu milli þeirra landssvæða sem fremst standa og þeirra lökustu í helmingi OECD-landanna. Mesta aukningin á þessu bili milli þeirra 10% landssvæða sem best standa sig og þeirra 10% landssvæða sem koma neðst nemur 8 prósentustigum og varð hún í Danmörku, Írlandi og Slóvakíu. Í þeim löndum sem dró úr misræmi milli svæða var það af völdum hnignunar hjá ríkustu svæðunum frekar en að fátækustu svæðin næðu að draga á hin, nema í Kína og Indlandi. Í þremur fjórðu þeirra landa sem rannsökuð voru dróst verg þjóðarframleiðsla saman í þeim 10% svæða þar sem best gekk á árunum frá 2008 til 2010 og mesti samdrátturinn að þessu leyti (12%) varð í Kanada og Eistlandi.

Stjórnvöld landssvæða, sveitarfélaga og annarra svæðisbundinna eininga (SNG) reyndust eiga hlut að 40% af fjárnotkun á OECD-svæðinu á árinu 2012 enda þótt tölur frá mismunandi löndum séu mjög breytilegar eftir því hver staða þeirra er varðandi sambandsstjórnarstefnu, svæðisbundna valddreifingu og fjárhagslegt sjálfstæði. SNG einingar báru ábyrgð á um 72% af beinum opinberum fjárfestingum á OECD-svæðinu og oft meiru í sambandsríkjum (Belgíu, Kanada, Þýskalandi, Sviss og Bandaríkjunum) þar sem heildartalan felur í sér samanlagðar fjárfestingar af hálfu sambandsríkjanna og sveitarstjórna.

Borgir af öllum stærðum, einkum stórborgir, eiga stóran hlut í frammistöðu landa sinna. 275 stórborgarsvæði í OECD-löndunum lögðu til meira en helminginn af vergri landsframleiðslu á árunum 2000-2010. Þrátt fyrir það hafði efnahagskreppan einnig mikil áhrif á vinnumarkaðinn á stórborgarsvæðunum. Afleiðingin var sú að atvinnuleysis hlutfallið í 45% af stórborgarsvæðum OECD var hærra en landsmeðaltal árið 2012.

Þó stórborgarsvæði séu mikilvægar einingar hvað varðar opinbera stefnu þá falla svæðamörk þeirra ekki almennt að landamærum stjórnsýslunnar. Í flestum tilfellum þá á mikill fjöldi sveitar- og héraðsstjórna hlutdeild í stefnumótun innan sömu borgarmarkanna og þetta kallar á góða samræmingu í markmiðum hjá hinum ólíku stofnunum.

Enda þótt hagvöxtur og aðrir mælikvarðar á árangur sé mjög mismunandi eftir landsvæðum og jafnvel innan einstaks ríkis þá hafa rannsóknir OECD sýnt fram á að þau svæði sem síður standa sig geta orðið samkeppnishæf ef þeim er gefinn kostur á réttari blöndu af stefnum og átaksatriðum sem samræmd er þvert á öll stjórnstig.

## Helstu niðurstöður

*Landssvæði leggja sitt af mörkum til vaxtar og velferðar*

- Á síðastliðnum áratug átti áttu aðeins að meðaltali 10% landssvæða hlutdeild að 39% af heildaratvinnuaukningu og 42% af heildaraukningu í vergri landsframleiðslu.
- Vegna efnahagskreppunnar urðu flest landsvæði fyrir lækkun í vergri landsframleiðslu á mann frá árinu 2008. Að meðaltali varð lækkunin minni hjá landsvæðum til sveita heldur en í borgum enda

þótt þau fyrrnefndu virðist hafa átt í meiri erfiðleikum með að skapa atvinnutækifæri í efnahagslæð.

- Þau OECD-landssvæði sem einkennast af háu atvinnuleysstigi eiga einnig meiri hlutdeild í hlutastörfum og hlutfall hlutastarfa hefur aukist á nokkrum síðustu árum. Það hverjir vinna hlutastörf ákvarðast ekki aðeins af lýðfræðilegri skipan landssvæða heldur af reglugerðum og aðgangi að ákveðnum gerðum fjölskylduþjónustu svo sem stofnunum sem sinna dagvistun barna.
- Í um 26% OECD-landssvæða var undir 50% kvenna með atvinnu árið 2011. Svæðisbundið mismæmi í atvinnu kvenna er hæst í Ísrael, á Ítalíu, Slóvakíu, Spáni, Tyrklandi og í Bandaríkjunum.
- Atvinna ungmenna er sérstakt áhyggjuefni á Grikklandi, Ítalíu, í Mexíkó, Póllandi, Portúgal, Slóvakíu og á Spáni þar sem sum landsvæði eru með meira en 40% atvinnuleysi meðal ungs fólks. Ef tekist er á við hinar sértæku aðstæður á vinnumarkaði á þessum landssvæðum og brugðist við með stefnum sem eru sniðnar að ástandi á hverjum stað gæti það ýtt styrkum stoðum undir bata í löndunum í heild.
- Þó lífslíkur hafi aukist og barnadauði minnkað hjá öllum OECD-löndum á síðastliðnum 30 árum þá er umtalsverður mismunur á hvoru tveggja merkjanlegur í landssvæðum á Spáni, í Ástralíu, Mexíkó, Bandaríkjunum og Portúgal en í Kanada og Slóvakíu ber enn á mismun milli landsvæða varðandi barnadauða.
- Á árunum milli 2005 og 2008 dróst útblástur koltvísýrings á mann saman í flestum OECD-löndum, einkum í Kanada og hvað varðar lönd utan OECD, í Brasilíu.

#### *Nauðsynlegt að vinna saman og gera meira úr minnu*

- Fjárfotkun stjórnvalda landssvæða innan OECD var samtals 17% af vergri þjóðarframleiðslu, 40% af öllum opinberum útgjöldum of 72% af beinum opinberum fjárfestingum árið 2012.
- Skatttekjur eru að meðaltali 45% af tekjum stjórnvalda landssvæða á OECD-svæðinu en fjárframlög frá landsyfirvöldum og yfirþjóðlegum stjórnvöldum eru um 38% tekna þeirra.
- Við lok ársins 2012 voru heildarskuldir opinberra yfirvalda á OECD-svæðinu (30 landa) 113% af vergri landsframleiðslu en á hinn bóginn voru kuldir svæðisbundinna stjórnvalda 22% af vergri þjóðarframleiðslu.
- Á árunum 2007 til 2012 varð snöggur samdráttur í beinum fjárfestingum svæðisbundinna stjórnvalda á mann á OECD-svæðinu (um 7% lækkun) sem var til marks um niðurskurð til að draga úr halla fjárlaga og að verja útgjöld til velferðarmála, heilbrigðismála og menntunar. Á saman tímabili jókst heildarskuldsetning innan landssvæða á mann um 14% sem samsvaraði aukningu er nam USD 1.000 á hvern einstakling.
- Þegar kemur að ákvörðunum um fjárhagsáætlanir og fjárútgjöld þurfa öll stig stjórnsýslunnar að starfa saman, samræma markmið og viðbrögð gegnum stefnumótun sem nær til landsyfirvalda, svæðisbundinna stjórnvalda og sveitarstjórna.

#### *Stórborgarsvæði eru drifkraftur vaxtar, sjálfbærrar þróunar og félagslegrar aðlögunar*

- Sjötíu prósent af íbúum í OECD-löndunum búa í borgum af ýmsum stærðum og stórborgarsvæðin ein og sér eru með 50% af íbúum innan OECD.
- Í 16 OECD-löndum voru 65% af öllum einkaleyfum veitt á stórborgarsvæðum árið 2008.
- Kreppan hafði áhrif á stórborgarsvæðin: atvinnuleysishlutfall á stórborgarsvæðum jókst meira á síðastliðnum fjórum árum en á undanfarandi áratug í 26 af 28 OECD-löndum sem athuguð voru.
- Útpensla borgarsvæða eykst hraðar en fjölgun íbúa á mörgum stórborgarsvæðum.
- Stórborgarsvæði eru miklir orkunotendur og framleiðendur á koltvísýringi. Þó er þannig háttáð í helmingi OECD-landanna að útblástur koltvísýrings á mann er minni á stórborgarsvæðunum en í strjálbýlli landssvæðum.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2013), *OECD Regions at a Glance 2013*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/reg\_glance-2013-en